

# Breikkun atvinnulífs

## Umræðupunktur

Atvinnuhúsnæði/lönaðarbil

Sem væru hugsuð fyrir smáfyrirtæki ný eða sem eru fyrir og vantar húsnæði, nýsköpun og jafnvel listasmiðjur svo eitthvað sé nefnt

Micro – brugghús

Áhugi var mikill fyrir micro brugghúsi hjá hópnum og voru þátttakendur komnir á veg með stofnun og eru prófanir hafnar. Hugmyndin er stopp vegna húsnæðisleysis á svæðinu. Og einnig vegna þess að erfitt þykir að komast að því til hvers á að snúa sér til að fá leyfi og afla sér upplýsinga hvað þarf að vera til staðar til að fá tiltækin leyfi til bruggunar og sölu. Þá er spurning með kostnað og fjámögnun.

Mjöguleikarnir eru talsverðir með því að hafa micro brugghús á staðnum með því til dæmis að bjóða upp á skoðunarferðir, selja bjórinn á bari svæðisins. Einnig væri hægt að skoða hvort bændur á svæðinu gætu hafið kornrækt til bruggunar og gert úr því al Vopnfirskan bjór. Jafnvel væri hægt að stefna að lífrænt ræktuðum bjór.

Þá var rætt hvort það væri grundvöllur fyrir bar sem væri með opnunartíma sem hægt væri að stóla á.

Ferðabjónustan var rædd og komumst við að því að möguleikarnir séu ótal margir til að auka fjölbreytni í afþreyingu, þar mætti nefna sleðaferðir og buggybíla ferðir, hreindýraræktun, skipulagðar gönguferðir, hestaferðir og sjóstöng.

Sjóstangveiðihugmyndin gæti verið sú að samnýta trillur sem til eru og liggja við bryggju, fleiri en einn aðili sem sæi um þetta þar sem stuttur fyrirvari er oft á eftirspurn.

Grundvöllur fyrir auknum ferðamanni er meðal annars gistiþáttur og er hluti ferðamanna sem sækir tjaldsvæði og töldum við því þar sem tjaldsvæðið er oft troðið og jafnvel fullt að grundvöllur sé fyrir því að stækka það/ færa það.

## **Niðurstöður**

Í þessari umræðu rákumst við oft á það húsnæðiskostur er af skornum skammti. Því kom upp sú hugmynd að reisa atvinnuhúsnæði eða iðnaðarbil sem hugsuð væri fyrir fyrirtæki sem eru til staðar eða ný, nýsköpun, listasmiðjur og svo framvegis.

Opna þarf augu bæjarbúa fyrir þeim tækifærum og möguleikum sem liggja í afþreyingu fyrir ferðamenn og heimamenn sem helst í hendur við aukin atvinnutækifæri.

## **Næstu skref**

Varðandi nýtt atvinnuhúsnæði/iðnaðarbil væri sú að athuga kostnað og áhuga. Skoða hvort einhver stoð sé fyrir að fá aðkomu verkalýðsfélaga, nýsköpunarmiðstöðva, fjárfesta eða jafnvel hreppsins.

Finna aðila sem hefur áhuga fyrir að reka bar, athuga hvort það sé eitthvert hentugt húsnæði fyrir bar.